



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

RAVEL^{OG} BARTÓK

6. SEPTEMBER
2018



VELKOMIN

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á RÚV og á Rás 1 og eru aðgengilegir á ruv.is.

Áætluð tímalengd tónleika:

Ungverskur mars: 5'

Fiðlukonsert: 35'

Trío: 30'

Bolero: 15'

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA

Icelandair Hotels



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

FIN 06 SEP 19:30

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

RAVEL OG BARTÓK

Yan Pascal Tortelier
hljómsveitarstjóri

Renaud Capuçon
einleikari

EFNISSKRÁ

Hector Berlioz
Marche hongroise (Ungverskur mars, 1846)


Béla Bartók
Fiðlukonsert nr. 2 (1937–38)
Allegro non troppo
Andante tranquillo
Allegro molto

HLÉ

Maurice Ravel
Trío í a-moll (1914, úts. Yan Pascal Tortelier)
Modéré
Pantoum: Assez vif
Passacaille: Très large
Final: Animé

Maurice Ravel
Bolero (1928)

For information in English about tonight's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is



YAN PASCAL TORTELIER

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Yan Pascal Tortelier kemur úr þekktri franskri tónlistar-fjölskyldu; faðir hans, Paul Tortelier, var einn mesti sellóleikari Frakklands á 20. öld. Yan Pascal hóf ungur nám í fiðlu- og píanóleik og stundaði einnig nám í hljómfræði og kontrapunkti hjá Nadiu Boulanger. Fjórtán ára gamall vann hann til fyrstu verðlauna í fiðlukeppni við Tónlistarháskólann í París og þreytti sama ár frumraun sína sem einleikari með Fílharmóníuhljómsveit Lundúna. Hugur hans stefndi þó annað og að loknu námi í hljómsveitarstjórn hjá Franco Ferrara í Siena starfaði hann um níu ára skeið sem aðstoðarstjórnandi Orchestre National du Capitole de Toulouse.

Tortelier var aðalhljómsveitarstjóri Ulster-hljómsveitarinnar í Belfast á Norður Írlandi frá 1989–1992 og BBC-fílharmóníunnar á árunum 1992–2003. Þá var hann aðalgestastjórnandi Pittsburgh-sinfóníunnar frá 2005–2008 og aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar í São Paulo í Brasilíu frá 2009–2011 og er nú heiðursgestastjórnandi hennar. Tortelier tók við stöðu aðalstjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Íslands haustið 2016.

Yan Pascal Tortelier hefur í gegnum tíðina stjórnað mörgum af helstu hljómsveitum heimsbyggðarinnar. Þar má meðal annars nefna Sinfóníuhljómsveit Lundúna, Concertgebouw-hljómsveitina í Amsterdam, Tékknesku fílharmóníuna, Filharmonien í Ósló, Filarmonica della Scala í Milánó, Philadelphia Orchestra, Fílharmóníusveitirnar í Lundúnum, Sankti Pétursborg og Los Angeles og sinfóníuhljómsveitirnar í Boston, Chicago og Montréal.

Tortelier hefur um langt árabil starfað fyrir Chandosútgáfuna og hljóðritað fjöldamörg verk, einkum með Ulsterhljómsveitinni og BBC-fílharmóníunni. Afraksturinn er meðal annars verðlaunadiskar með hljómsveitarverkum eftir Ravel (þar á meðal eigin hljómsveitarútsætning á píanótríói Ravels), César Franck, Albert Roussel og Henri Dutilleux. Árið 2017 var hann sæmdur heiðursorðu franska lýðveldisins, Légion d'honneur, fyrir störf sín í þágu franskra tónlistar á heimsvísu.




RENAUD CAPUÇON

EINLEIKARI

Renaud Capuçon er einn fremsti tónlistarmaður Frakklands um þessar mundir og hefur vakið athygli um allan heim fyrir leik sinn. Hann er fæddur árið 1976, hóf tónlistarnám fjögurra ára gamall og stundaði á unglingsárum nám við Tónlistarháskólann í París. Hann lærði síðan í Berlín hjá Thomas Brandis og Isaac Stern og var um þriggja ára skeið konsertmeistari Gustav Mahler-ungsveitarinnar undir stjórn Claudios Abbado.

Capuçon hefur komið fram með flestum helstu tónlistarmönnum og hljómsveitum heims. Hann hefur leikið með Berlínarfílharmóníunni undir stjórn Bernards Haitink, með Sinfóníuhljómsveitinni í Boston undir stjórn Christophs von Dohnányi, Orchestre de Paris undir stjórn Christophs Eschenbach, Þjóðarhljómsveit Frakklands undir stjórn Valerís Gergíev, og Fílharmóníusveit Los Angeles undir stjórn Gustavos Dudamel. Nýverið hefur hann komið fram á tónleikum með Lundúnasinfóníunni, Kammerhljómsveit Evrópu og Camerata Salzburg. Þá hefur hann leikið kammertónlist með Mörthu Argerich, Daniel Barenboim, Yuja Wang, Yefim Bronfman og Vadim Repin, auk þess sem hann kemur oft fram ásamt bróður sínum, sellistanum Gautier Capuçon. Hann er listrænn stjórnandi páskatónlistarhátíðar í Aix-en-Provence og var skipaður listrænn stjórnandi Sommets Musicaux í Gstaad árið 2016.

Capuçon hljóðritar eingöngu fyrir Erato/Warner Classics og hefur gefið út mikinn fjölda geisladiska. Meðal þeirra nýjustu má nefna konserta eftir Bach og Vaski ásamt Kammersveit Evrópu, og konserta eftir Brahms og Alban Berg ásamt Fílharmóníusveit Vínarborgar og Daniel Harding. Honum var veitt franska heiðursorðan „Chevalier de la Légion d’honneur“ árið 2016.



HECTOR BERLIOZ

UNGVERSKUR MARS

Hector Berlioz (1803–69) var eitt helsta tónskáld Frakklands á öðrum fjórðungi 19. aldar. Sagt hefur verið að hljómsveitin hafi verið eina hljóðfærið sem Berlioz kunnir að höndla, en það gerði hann líka svo eftir var tekið. Hann var að vissu leyti faðir útsetningartækni í nútímaskilningi, uppgötvaði liti sem engum hafði komið til hugar að símfóníuhljómsveit gæti kallað fram. Kennslubók hans í hljómsveitarútsetningu var fyrsta lykilverk sinnar tegundar, *Grand traité d'instrumentation et d'orchestration* (1843). Það var engin tilviljun að Berlioz hreifst svo af blæbrigðum hljómsveitarinnar því að mótunarár hans voru mikill uppgangstími hljómsveitarspils í París.

Einn af helstu áhrifavöldum úr hópi skálda á tónhöfunda 19. aldar var Johann Wolfgang von Goethe, ekki síst skáldverk hans *Fást*. Við texta þaðan voru samin ógrynni verka, jafnt í smáum sem stórum formum – til dæmis sönglagið *Meine Ruh ist hin* eftir Schubert, *Szenen aus Goethes Faust* eftir Schumann og áttunda símfónía Mahlers. Berlioz las *Fást* þegar bókin kom út í franskri þýðingu árið 1828, og hreifst svo af verkinu að hann samdi við það *Huit scènes de Faust* („Átta atriði úr Fást“), sem varð hans fyrsta útgefna verk, ópus 1. Sautján árum síðar, þegar Berlioz hafði öðlast heimsfrægd fyrir tónsmíðar sínar, sneri hann sér aftur að þessu efni. *La Damnation de Faust* („Fordæming Fásts“, 1846) er risastórt verk fyrir fjóra einsöngvara, kór, barnakór og hljómsveit, um ástir þeirra Fásts og Margrétar í skugga hins djöfullega Mefistöfelesar.

Fyrsti þáttur verksins gerist á sléttum Ungverjalands. Fást dáist að feðurð náttúrunnar en á vegi hans verður flokkur ungverskra hermanna á leið til orrustu. Á þessu augnabliki í verkinu vitnar Berlioz í kunnan ungverskan mars, Rákóczi-marsinn svonefnda sem ungverskir fiðluleikarar léku gjarnan á fyrstu áratugum 19. aldar og sem var um skeið eins konar óopinber þjóðsöngur Ungverja. Berlioz var ekki einn um það meðal tónskálda að fá þetta stef að láni í stærri tónsmíðar. Þeim sem vilja heyra aðra meðferð á sama stefi er til dæmis bent á Ungverska rapsódíu nr. 15 eftir Franz Liszt, sem einmitt var fæddur í Ungverjalandi og því voru hæg heimatökin þegar kom að því að meðhöndla þetta frísklega stef.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Ungverskur mars Berlioz hefur ekki hljómað oft á tónleikum Símfóníuhljómsveitar Íslands. Þó var hann til dæmis fluttur á útvarpstónleikum hljómsveitarinnar árið 1980 undir stjórn Páls P. Pálssonar, og á óperutónleikum á Listahátíð í Reykjavík árið 2000 undir stjórn Giorgios Croci. Þá var Fordæming Fásts flutt í heild í Háskólabíói árið 2005 og fór Kristinn Sigmundsson með hlutverk Mefistöfelesar, en Rumon Gamba stjórnaði hljómsveitinni.



BÉLA BARTÓK

FIDLUKONSERT NR. 2

Béla Bartók (1881–1945) var helsta tónskáld Ungverjalands á 20. öld og uppruni hans mótaði lífsstarfið allt. Hann leit á það sem hlutverk sitt að bjarga þjóðlegri tónlist heimalands síns frá gleymsku. Franz Liszt og Johannes Brahms höfðu í verkum sínum notað ungverska sígaunamúsík sem hljómaði á kaffihúsum borganna. En Ungverjar áttu líka annars konar tónlist. Í fáförnum fjallahéruðum var að finna bændur og alþýðufólk sem kunni ógrynnin öll af söngvum með framandi blæ. Bartók ferðaðist um sveitir landsins, festi bændasöngva á vaxhólkahljóðrita og varð með tíð og tíma afkastamikill þjóðlagasafnari og fræðimaður. Hann hélt sig ekki einungis við sveitir heimalands síns heldur safnaði nærri 10.000 þjóðlögum frá Rúmeníu, Slóvakíu, Búlgaríu, Króatíu og Serbíu, og hélt jafnvel í leiðangur til Norður-Afríku í því skyni. Eftir því sem árin liðu varð tónlist Bartóks gegnsýrð af anda þjóðlagsins. Jafnvel þegar hún var að öllu leyti frumsamin ber hún blæ bændasöngvanna sem urðu honum eins og annað móðurmál.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur þrisvar sinnum áður leikið Fiðlukonsert nr. 2 eftir Béla Bartók á tónleikum. Í tvö fyrri skiptin var György Pauk í hlutverki einleikarans en stjórnendur voru Adam Fischer (1978) og Tamas Vestö (1992). Patricia Kopachinskaya lék konsertinn í Eldborg árið 2013 og þá stjórnaði Ilan Volkov hljómsveitinni.

Þegar Bartók samdi fiðlukonsert sinn nr. 2 á árunum 1937–38 stóð hann á hátindi ferils síns. Hugmyndin að verkinu kom frá ungverska fiðluleikaranum Zoltán Székely sem frumflutti það í Amsterdam ári síðar. Þegar Székely falaðist eftir verkinu lét Bartók í ljós þá ósk að semja einþáttung í stóru tilbrigðaformi í stað hefðbundins þriggja þátta konsertforms, en Székely tók dræmt í þá tillögu. Segja má að Bartók hafi farið bil beggja, því að þótt þættirnir séu þrír gætir áhrifa tilbrigðaformsins í gegnum verkið allt. Annar þáttur er stef með tilbrigðum, en auk þess má segja að þriðji þáttur verksins sé eins konar tilbrigði við þann fyrsta.

Fáum módernistum tókst á fyrstu áratugum 20. aldar að sameina framsækna tónsköpun og þjóðararf á svo sannfærandi hátt sem Bartók. Þetta heyrir glögg í upphafstökum fiðlukonsertsins sem minna á spunakennda ungverska þjóðlagatónlist. Þótt tónlist Bartóks sé um margt nýstárleg hélt hann þó fast í tilfinningu fyrir grunntóni, að ein tónmiðja lægi til grundvallar tónlistinni á hverjum tíma. Í seinna meginstefti fyrsta þáttar fer hann þó lengra í átt að tóntegundaleysi en oftast áður og virðist hér undir áhrifum frá tólfónahætti Arnolds Schönberg. Annar þáttur konsertsins er dulúðug stemningstónlist og sver sig í ætt við það sem oft er kallað „næturtónlist“ í verkum Bartóks, þar sem innblástur virðist sóttur meðal annars í töfrahljóð næturinnar. Kaflinn er sex tilbrigði við blítt og hjartnæmt stef fiðlunnar. Í lokapættinum

notar Bartók að mörgu leyti sama efnivið og í þeim fyrsta, en raðar honum upp með öðru móti.

Þegar Bartók lauk við konsertinn var hann eini fiðlukonsert hans sem almennt var vitað um. Það var ekki fyrir en árið 1958 sem annað verk Bartóks í þessari grein kom í leitirnar, konsert sem hann samdi á fyrsta áratug 20. aldar fyrir æskuást sína, fiðluleikarann Steffi Geyer, en stakk undir stól þegar ljóst var að hún endurgalt ekki tilfinningar hans. Þegar sá konsert kom aftur í ljós var farið að kalla hann fiðlukonsert „nr. 1“ og því hefur verkið sem Bartók samdi handa Székely allar götur síðan borið heitið „fiðlukonsert nr. 2“.



MAURICE RAVEL

TRÍÓ Í A-MOLL

Maurice Ravel (1875–1937) var ekki sérlega afkastamikill höfundur kammertónlistar, heldur beindi hann kröftum sínum fremur að píanótónlist og hljómsveitarverkum. Hann hafði í raun ekki samið nema þrjú fullgild kammerverk á ferlinum þegar hann hóf að semja píanótríó sitt árið 1913: fiðlusónötu sem ekki var gefin út fyrir en að honum látnum, meistaralegan strengjakvartett og *Inngang og Allegro* fyrir hörpu, flautu, klarínnett og strengjakvartett. Þegar Ravel hóf að semja tríóið dvaldi hann sumarlangt í Baskalandi, í sjávarþorpinu St. Jean-de-Luz skammt frá fæðingarstað sínum. Þar komst hann vel á veg með verkið en lauk því ekki fyrir en ári síðar, skömmu eftir að heimsstyrjöld braust út. Ravel var ákveðinn í því að þjóna landi sínu með einu eða öðru móti en umsókn hans um herþjónustu var hafnað þar sem hann var of smávaxinn. Í staðinn gerðist hann sjúkraflutningamaður og tríóinu lauk hann á mettíma haustið 1914 til þess að hann gæti hafið störf sem fyrst.

Tríó Ravels (fyrir píanó, fiðlu og selló) er almennt talið eitt helsta kammerverk hans og ásamt píanótríói nr. 2 eftir Shostakovitsj merkasta framlag til þessarar greinar tónlistarinnar á 20. öld. Tónlistin er litrík og fjölbreytt en um leið afar krefjandi fyrir flytjendur. Til grundvallar fyrsta þætti liggur baskneskur danshrynur. Dansinn *zortziko* einkennist af síkvikum hrynj; hann er nóteraður í 8/8 en innbyrðis skiptist hver taktur í 3+2+3 slög. Þótt kaflinn hafi að sumu leyti þjóðlegt yfirbragð er framsetning stefjanna samkvæmt klassískri hefð, í sönótuformi með tveimur meginstefjum og úrvinnslu þeirra um miðbikið. Í öðrum þætti byggir Ravel einnig á gamalgrónu tónlistarformi, sem í þetta sinn er scherzó/tríó. Hér fléttast meginstefin saman

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Píanótríó Ravels hljómar nú í fyrsta sinn á Íslandi í hljómsveitarbúningi, en það hefur margsinnis verið flutt hér á landi í upprunalegri gerð. Tríó Reykjavíkur hefur flutt verkið, m.a. á 10 ára afmælistónleikum í Hafnarborg 1998, Trio Nordica lék það í Borgarleikhúsinu 1995 og Víkingur Heiðar Ólafsson flutti það ásamt strengjaleikurum á Reykjavík Midsummer Music-hátíðinni 2012 og aftur 2016, svo fátt eitt sé nefnt.

með áhugaverðum hætti og líklega er það þetta sem Ravel vísaði til þegar hann gaf þættinum hina sjaldséðu yfirskrift *Pantoum*, sem er bragarháttur ættaður frá Malasíu, eins konar ferskeytla. Frönsk skáld, til dæmis Victor Hugo og Charles Baudelaire, höfðu ort undir áhrifum þessa bragarháttar, sem einkennist af því að önnur og fjórða lína hvers erindis verða fyrsta og þriðja lína í hinu næsta. Þriðji þáttur er passacaglia, eða tilbrigði um síendurtekna átta takta bassalínu sem fyrst hljómar í píanói (í sellóum og bössum í útsetningu Torteliers). Lokakaflinn er hraður og sérlega glæsilegur, og eins og í fyrsta þætti notar Ravel ósamhverfan hryn – í þetta sinn fimm- og sjöskiptan takt til skiptis – sem gefur tónlistinni aukna spennu og kraft.

Yan Pascal Tortelier, aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands, hefur sagt í viðtali að Ravel sé „það tónskáld sem stendur hjarta mínu næst“. Hann telur píanótríó Ravels eitt af meginverkum kammertónlistar á 20. öld og vann að hljómsveitarútsetningu sinni í fjögur ár. Ekki er leiðum að líkjast því að sjálfur var Ravel einn snjallasti hljómsveitarútsetjari sem sögur fara af. Útsetning Torteliers hljómaði í fyrsta sinn árið 1993, á tónleikum á Proms-tónlistarhátíð BBC í Royal Albert Hall þar sem hann stjórnaði sjálfur Fílharmóníuhljómsveit breska útvarpsins.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Íslendingar fengu fyrst að kynna Bolero í kvikmynd með sama nafni, með Carole Lombard og George Raft í aðalhlutverkum, sem var sýnd í Gamla bíói við miklar vinsældir árið 1935. Myndin fjallaði um tvo dansara og lék verk Ravels lykilhlutverk í myndinni. Bolero hljómaði einnig af og til í Ríkisútvarpinu, fyrst árið 1941, en á tónleikum var það frumflutt í Háskólabíói 1966 af Sí undir stjórn Bohdans Wodiczko. Aðrir sem stjórnað Sí við flutning verksins eru m.a. Jean-Pierre Jacquillat, Osmo Vänskä, Michel Tabachnik, Keri-Lynn Wilson, Rumon Gamba og Daniel Bjarnason. Síðast hljómaði verkið á menningarnótt 2018 undir stjórn finnska hljómsveitarstjórans Klaus Mäkelä.

MAURICE RAVEL

BOLERO

Maurice Ravel á að hafa sagt: „Ég hef samið eitt meistaraverk, og það er *Bolero*. Því miður er engin tónlist í því.“ Í raun hitti tónskáldið hér naglann á höfuðið, því að innihald verksins er ekki ýkja fjölbreytt hvað tónlistina snertir. Yfir síendurteknum hrynslettum sneriltrommu hljómar einfalt stef sem leikið er hvað eftir annað þær sautján mínútur sem verkið varir, með nýjum einleikshljóðfærum í hvert sinn og vaxandi styrkleika verkið á enda. Snilld verksins felst einmitt í því að Ravel tekst að byggja upp spennu gegnum stigvaxandi dýnamík án þess að hlustandiinn þreytist á því sem fyrir eyru ber.

Ravel samdi *Bolero* samkvæmt beiðni ballettdansmærinna Idu Rubinstein, sem langaði að semja dans við spænska tónlist. Upphaflega óskaði hún eftir því að Ravel útsæti fyrir sig píanólög eftir Albéniz, en þegar útgefandinn synjaði þeim leyfis tók Ravel sig til og samdi nýtt verk. Bolero er spænskur dans sem naut mikilla vinsælda á 19. öld. Verk Ravels hefst á dæmigerðum bolero-hryn í þrískiptum takti, og smám saman bætast hljóðfærin við, eitt af einu með stefið, og ávallt fjölgar í hópnum

þar til hljómsveitin öll leikur af fullum krafti. Sagan segir að eftir frumflutninginn hafi kona ein komið að máli við Ravel og sagt: „Þetta nýja verk yðar er hreinasta brjálæði!“ Tónskáldið svaraði: „Þá hafið þér skilið það fullkomlega!“

Þótt *Bolero* sé einfalt að byggingu er ekki þar með sagt að það sé auðvelt í flutningi. Það hefur verið kallað „Everest-tindur sneriltrommuleikarans“ og má það til sanns vegar færa þar sem hrynur trommunnar er undirstaða verksins alls. Hljómsveitarstjórar hafa ekki allir náð fullkomnum tókum á verkinu. Frægt er þegar ítalska goðsögnin Arturo Toscanini stjórnaði *Bolero* í París vorið 1930 að Ravel viðstöddum. Tónskáldið tók stjórnandann á teppið eftir flutninginn, sagði að tempóið hefði verið allt of hratt. Nokkrir þeirra sem voru staddir baksviðs í óperuhúsinu lýstu samskiptum þeirra en frásögnum ber ekki að öllu leyti saman. Einn sagði að Ravel hefði einfaldlega tekið upp vasaúr sitt reiður á svip, hvæst „Einni og hálfri mínútu of hratt!“, snúist á hæl og strunsað burt. Ravel og Toscanini hittust aldrei aftur.

Árni Heimir Ingólfsson

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

6. SEPTEMBER 2018

1. FIÐLA

Nicola Lolli
Vera Panitch
Una Sveinbjarnardóttir
Laura Liu
Pálína Árnadóttir
Bryndís Pálsdóttir
Laufey Jensdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Zbigniew Dubik
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Lin Wei
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Andrzej Kleina
Laufey Sigurðardóttir

2. FIÐLA

Joaquín Páll Palomares
Peter Andreas Nielsen
Margrét Þorsteinsdóttir
Roland Hartwell
Christian Diethard
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Gunnhildur Daðadóttir
Kristján Matthíasson
Dóra Björgvinsdóttir
Þórdís Stross
Ólöf Þorvarðsdóttir
Greta Guðnadóttir

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Wiktor Rudzik
Guðrún Hrund Harðardóttir
Móeiður Anna Sigurðardóttir
Sarah Buckley
Herdís Anna Jónsdóttir
Kathryn Harrison
Guðrún Þórarinsdóttir
Ásdís Hildur Runólfssdóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Margrét Árnadóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Steiney Sigurðardóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Ólöf Sigursveinsdóttir

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Jacek Karwan
Jóhannes Georgsson
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Áshildur Haraldsdóttir
Melkorka Ólafsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Julia Hantschel
Peter Tompkins
Sandra Simón Monje

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

SAXÓFÓN

Haukur Freyr Gröndal
Ólafur Jónsson

FAGOTT

Arvid Larsson
Bryndís Þórsdóttir
Brjánn Ingason

HORN

Austin Larson
Emil Friðfinnsson
Frank Hammarin
Joseph Ognibene

TROMPET

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson
Kasper Knudsen

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff

TÚBA

Nimrod Ron

HARPA

Katie Buckley
Elísabet Waage

CELESTA

Anna Guðný Guðmundsdóttir

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Pétur Grétarsson
Kjartan Guðnason
Einar Valur Scheving
Ólafur Hólm Einarsson

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómsveitarstjóri*
Vladimir Ashkenazy *aðalheiðursstjórnandi*
Osma Vänskä *heiðursstjórnandi*
Anna Þorvaldsdóttir *staðartónskáld*

Arna Kristín Einarisdóttir *framkvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Margrét Sigurðsson *fjármálafulltrúi*
Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*
Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Kristbjörg Clausen *nótna- og skjalavörður*
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*
Una Eypórsdóttir *mannauðsstjóri*
Larissa Weidler *umsjónarmaður nótna*



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

ÁSKRIFT AÐ SNILLD

Dagskrá Sinfóníuhljómsveitar Íslands á nýju starfsári er afar fjölbreytt og spennandi. Hægt er að kynna sér ólíkar tónleikaraðir nánar á vef hljómsveitarinnar – sinfonia.is.

Áskrift er besta leiðin til þess að tryggja sér öruggt sæti og gott verð.

**Sala áskrifta- og
Regnbogakorta stendur
yfir í miðasölu Hörpu og
á sinfonia.is.**

TRYGGÐU ÞÉR SÆTI SINFONIA.IS

Miðasala í Hörpu
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:
GAMMA